

# Skólaráðsfundur

11. des 2015

Mætt: Vigdís, Alexander, Óðinn Pétur, Þóranna, Árni Jón, Hafdís, Margrét Gróa

## 1. Farið yfir árangur í samræmdum prófum

Varmáarskóli náði frábærum árangri í 4. bekk og ef skoðaðar eru niðurstöður 7. bekkja þá náðist góður árangur þar einnig þó svo skólinn sé aðeins undir landsmeðaltali í stærðfræði. Nemendur eru yfir í íslensku og náðu betri árangri en þau náðu í 4. bekk. Nemendur í 10. bekk koma ekki nógu vel út. Mikil vinna er í eldri deild að skoða hvað þurfi að gera til að bæta árangur. Það hefur verið viðkvæðið og menning hjá nemendum að þessi próf skipti ekki máli. Nemendur nenni ekki að leggja á sig að taka þessi próf. Rætt var um lestrarátök í öllum foreldraviðtölum og Hafdís segir að nemendur hafi allir hlegið að þeirri hugmynd. Nemendur eru almennt ekki að lesa. Mikilvægt er að heimili og skóli taki höndum saman. Rætt var um áhugahvatningu, hvernig getum við fengið krakkana til að leggja meira á sig. Mörg þeirra sjá ekki fyrir sér hvert þau stefna. Það eru mikil leyfisbeiðnir, nemendur mæta margir of seint í skólann.

## 2. Öryggismál

Stjórnendur hittu lögreglustjóra núna á haustönn. Mosfellsbær kemur vel út. Stjórnendur eru búnir að funda með bænum vegna umferðisöryggismála og komið á framfæri hvað þurfi að laga. Árlega kemur fulltrúi frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, komum almennt ágætlega út en nokkur atriði þurftu að laga. Stjórnstöðin í yngri deildinni er komin á tíma og þarf að huga að. Flóttaleiðir eru í góðum málum. Í eldri deildinni eru nokkrar stofur á undanþágu þar sem eftir á að skipta um loft og laga m.a. hljóðvist. Er á verkáætlun en ekki til peningar eins og er. Komnar nýjar sjálfvirkar hurðar í báðum deildum. Vantar millihurð í yngri deild. Eiga að vera víxlopnaðar til að koma í veg fyrir að vindur blási inn. Höfum gert athugasemdir vegna söndunar og mokunar milli yngri deildar og frístundasels. Þegar lóðin við frístundasel var tekin í gegn á sínum tíma gerðum við athugasemdir með að setja upp snjóbræðslukerfi en það var ekki gert. Það gerir það að verkum að oft er hættulegt fyrir börn og fullorðna að ganga upp í frístundasels vegna klaka, snjó og þessháttar. Rætt var um reglur með vespur þegar unglíngarnir eru að koma á ferð til og frá skóla. Hvaða reglur eiga að gilda? Erum að sjá 2-3 börn á vespum og það heyrir ekki í þeim. Það þarf að setja skýrar reglur hvaða leið þau eigi að fara til að tryggja öryggi gangandi vegfarenda. Rafmagns og eða bensínvespur má ekki keyra í gegn á göngustígum milli skólanna.

## 3. Önnur mál

Rætt var um að huga þarf að nemendafjölgun í tengslum við fjölgun íbúa í Helgarfellssvæðinu. Verið er að skoða hvernig Brúarland geti brúað bilið þangað til að skóli er ristinn í Helgarfelli.

Ljóst er að öll öryggismál og mengunarvarnir þurfa að vera í lagi. Þetta er í umræðu og hefur ekki verið kynnt í fræðslunefnd.

Fleiri ekki tekið fyrir.

Þórunna Rósa Ólafsdóttir ritaði fundargerð.